

Ár 2017, sunnudaginn 17. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör vígslubiskupa

I.

Ný lög um kjararáð nr. 130/2016 tóku gildi 1. júlí 2017 og leystu af hólmi lög um kjararáð nr. 47/2006. Í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með lögum nr. 130/2016 segir að þrátt fyrir gildistöku laganna skuli ákvörðun um laun og starfskjör biskups, vígslubiskupa, prófasta og presta þjóðkirkjunnar heyra undir kjararáð þar til samkomulag hafi náðst við þjóðkirkjuna um nýtt launafyrirkomulag. Þá segir í 5. mgr. fyrrnefnds ákvæðis til bráðabirgða að málum sem tekin hafa verið til meðferðar við gildistöku laganna skuli lokið samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/2006.

Kjararáð úrskurðaði hinn 13. febrúar 2007 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör presta þjóðkirkjunnar, prófasta og vígslubiskupa. Mál það sem hér er fjallað um var tekið til meðferðar fyrir 1. júlí 2017 og fer því um málið samkvæmt lögum nr. 47/2006.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 20. ágúst 2015 frá biskupi Íslands. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurmeti launakjör vígslubiskupa og hafi hliðsjón af ábyrgð og umfangi embætta vígslubiskupa. Fram kemur í bréfinu að biskupsdæmi Íslands skiptist í tvö vígslubiskupsdæmi, Skálholtsumdæmi og Hólaumdæmi. Vígslubiskupar séu því tveir og hafi aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal. Vígslubiskupar séu skipaðir af forseta Íslands.

Í bréfinu er gerð grein fyrir helstu verkefnum vígslubiskupa. Fram kemur að þeir hafi tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum og séu biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni. Þeir annist þau biskupsverk er biskup Íslands feli þeim og séu staðgenglar biskups Íslands í forföllum hans. Þeir annist biskupsverk í umboði biskups, svo sem að vígja presta, djákna, kirkjur og kapellur. Þá hafi vígslubiskupar tilsjón með handleiðslu, símenntun og sálgæslu presta og starfsmanna kirkjunnar í umdæmum sínum. Þeir vísiteri prestaköll og söfnuði í umdæmum sínum. Vísitasíur krefjist ferðalaga um umdæmi vígslubiskupa sem eðli málsins samkvæmt eigi sér gjarnan stað utan hefðbundins vinnutíma, það er bæði um kvöld og helgar.

Í bréfinu segir jafnframt að vígslubiskupar beri ábyrgð á uppbyggingu biskupsstólanna eftir því umboði sem kirkjuráð veiti og séu kirkjuráði til stuðnings og samráðs í málefnum biskupsstólanna. Þeir komi fram í nafni staðanna og umdæmanna og beri ábyrgð á helgihaldi dómkirkna sinna í samráði við viðkomandi sóknarprest. Þá annist þeir sáttaumleitanið í umdæmum. Vígslubiskupar sitji biskupafundi ásamt biskupi Íslands en biskupafundur undirbúi meðal annars þau mál er varði kenninguna, helgisiði og helgihald í hendur prestastefnu og geri tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings en þar sitji þeir með málfrelsi og tillögurétt. Þá er þess getið að vígslubiskupar greiði nú húsaleigu fyrir afnot sín af embættisbústöðum sem þeim sé lögskyld að sitja.

Með bréfum dagsettum 11. september 2015 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006. Með bréfum dagsettum sama dag var vígslubiskupum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 3. nóvember 2015. Í bréfinu segir að kjararáð skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Farið sé fram á endurmat launakjara vígslubiskupa og fari biskup í bréfi sínu yfir starfssvið vígslubiskupsembættanna. Einnig sé bent á að vígslubiskupar greiði nú húsaleigu fyrir afnot sín af embættisbústað sem þeim sé skyld að sitja. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við ákvörðun um launakjör vígslubiskupa.

Innanríkisráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 29. september 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji rétt að kjararáð skoði launakjör vígslubiskupa og hvort þau séu í samræmi við laun

annarra sem gegni sambærilegri stöðu og ábyrgð. Þá kemur fram að ráðuneytið telji rétt að kjararáð skoði hvort horfa eigi til ábendingar biskups er snúi að þeim breytingum sem hafi orðið á greiðslu húsaleigu fyrir afnot af embættisbústað þeim sem vígslubiskupi sé skylt að sitja.

Vígslubiskup Skálholtsumdæmis sendi kjararáði bréf í október 2015. Í bréfinu kemur fram að umdæmi vígslubiskups í Skálholti nái yfir Suðurprófastsdæmi, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og vestra, Kjalarnesprófastsdæmi, Vesturlandsprófastsdæmi og Vestfjarðaprófastsdæmi. Það nái frá Stafafellskirkju í Lóni vestur og norður um, allt að Árneskirkju á Ströndum. Umdæmi Hólabiskups séu þrjú prófastsdæmi, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og Austurlandsprófastsdæmi. Í bréfinu segir að fyrsta skylda vígslubiskupanna sé að vísitera. Segir jafnframt að í ljósi umfangs embættanna ætti stærðarmunur þeirra að vera metinn til meiri munar í launum en nú sé gert. Þá megi geta þess að vígslubiskup í Skálholti gegni embætti biskups Íslands í forföllum hans eða þegar hann segi sig frá máli. Það sé vegna þess að hann sé eldri að vígslu og lög og reglur mæli svo fyrir. Þjónustutími vígslubiskups í Skálholti sem biskup Íslands hafi á ári hverju verið til jafnaðar sex til átta vikur. Þessi vinna sem bætist við verkefni vígslubiskups sé ekki metin til launa. Varla þurfi að taka fram að vígslubiskup í Skálholti þurfi af þessum ástæðum að fresta verkefnum, áformum og skyldum, vegna þess að skyldur biskups Íslands gangi fyrir.

Með bréfi dagsettu 24. nóvember 2015 fengu vígslubiskupar send framangreind svör ráðuneytanna til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra.

Kjararáði bárust bréf frá vígslubiskupinum í Skálholti dagsett 29. desember 2015 og vígslubiskupinum á Hólum dagsett 9. desember 2015. Í hvorugu bréfinu eru gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna en í því síðarnefnda er fjallað frekar um starf vígslubiskupsins á Hólum. Í því segir að Ísland sé eitt biskupsdæmi með þremur biskupum. Þjónustan sé ein þó þrjár gegni henni. Vígslubiskupar sinni allri þeirri þjónustu sem biskup Íslands feli þeim. Þeir vísiteri söfnuði, eigi fundi með sóknarnefndum og eigi starfsgæðasamtöl við presta. Þá komi þeir að því að leysa hvers kyns vanda sem upp kunni að koma í söfnuðum landsins og sinni sálgæslu vígðra sem óvígðra starfsmanna kirkjunnar. Þeir leysi biskup Íslands af í sumarleyfum og þegar hann lýsir sig vanhæfan. Fram kemur að vegna landlegu vígslubiskupsstólanna fylgi starfinu mikill akstur og því fari oft langur tími í að leysa verkefni sem ella hefði tekið skamman tíma. Hólabiskupsdæmi nái allt frá Álftafirði sunnan við Djúpavog og vestur að Prestsbakka á Ströndum. Í því séu þrjú prófastsdæmi og sitji vígslubiskup alla héraðsfundi biskupsdæmisins. Þá sjái vígslubiskup um þau erlendu samskipti sem biskup Íslands feli honum eins og til dæmis að vera við biskupsvígslur á Norðurlöndum, sækja alþjóðlegar kirkjulegar ráðstefnur og flytja erindi á erlendum vettvangi.

III.

Í 62. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Samkvæmt lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar er Ísland eitt biskupsdæmi. Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögnum.

Forseti Íslands skipar vígslubiskupa. Um kosningu og kjörgengi vígslubiskupa gilda sömu reglur og um biskupskjör eftir því sem við getur átt. Kirkjuþing setur nánari reglur um kosningu vígslubiskups í hvoru vígslubiskupsumdæmi fyrir sig. Kirkjuþing ákveður skipan umdæma vígslubiskupa.

Vígslubiskupar skulu vera tveir með aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal. Þeir hafi tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum og séu biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annist þau biskupsverk er biskup Íslands felur þeim.

Nánari ákvæði um vígslubiskupa eru sett í starfsreglum nr. 968/2006. Þar segir meðal annars að vígslubiskupar beri ábyrgð á uppbyggingu biskupsstólanna eftir því umboði sem kirkjuráð veiti. Þeir eru kirkjuráði til stuðnings og samráðs í málefnum biskupsstólanna svo og öðrum kirkjulegum stjórnvöldum og koma fram í nafni staðanna og umdæmanna eftir því sem við á. Þeir bera ábyrgð á helgihaldi dómkirkna sinna í samráði við viðkomandi sóknarprest. Vígslubiskup skal annast sáttaumleitanir í umdæmi sínu þegar embættismönnum, trúnaðarmönnum eða starfsmönnum

kirkjunnar, launuðum jafnt og ólaunuðum, vígðum jafnt og leikum, hefur ekki tekist að jafna ágreining sín á milli og sættir hafa ekki tekist í meðförum prófasts eða hann sagt sig frá málinu. Vígslubiskup veitir úrlausn í málum sem prófastar vísa til hans.

Vígslubiskup á sæti í kenninganefnd, situr prestastefnu Íslands og situr kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt. Þá situr vígslubiskup prófastafund og sækir héraðsfundi í umdæminu eftir því sem við verður komið. Vígslubiskup situr að jafnaði einn fund kirkjuráðs á ári til þess að ræða málefni biskupsstólsins. Biskup Íslands skal kalla vígslubiskupa til fundar svo oft sem þurfa þykir og nánar skal kveðið á um í starfsreglum. Biskupafundur skal meðal annars búa þau mál er varða kenninguna, helgisiði og helgihald í hendur prestastefnu og gera tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings.

Vígslubiskup vísitarar prestaköll og söfnuði í umdæmi sínu eftir áætlun biskupafundar. Vísitasía vígslubiskups beinist einkum að innri þáttum kirkjulífs, hinni vígðu þjónustu, helgihaldi, boðun, sálgæslu og safnaðarstarfi. Vígslubiskup hefur tilsjón með starfsmannahaldi einkum hvað varðar handleiðslu, símenntun og sálgæslu presta og starfsmanna kirkjunnar í umdæminu og beitir sér í þeim efnum ef tilefni er til.

Í forföllum biskups Íslands kveður hann þann vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu til þess að gegna embætti sínu um stundarsakir. Hið sama gildir sé biskup Íslands vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum. Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti og skal þá sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu gegna embætti hans þar til biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup Íslands hefur fengið skipun í embætti sitt.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun vígslubiskupa en kjaranefnd ákvað þeim laun 18. október 2005. Frá þeim tíma hafa laun þeirra tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Hér að framan er gerð grein fyrir stöðu og hlutverki vígslubiskupa innan íslensku þjóðkirkjunnar. Við ákvörðun launakjara þeirra er höfð hliðsjón af því og starfsskyldum þeirra samkvæmt lögum. Þá er einnig tekið mið af því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör vígslubiskupa skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2017 skulu mánaðarlaun vígslubiskupa vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 138, nú 1.023.517 krónur. Að auki skal greiða vígslubiskupi á Hólum 18 einingar á mánuði og vígslubiskupi í Skálholti 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Að auki skal greiða þeim vígslubiskupi sem eldri er að biskupsvígslu 5 einingar á mánuði fyrir að vera staðgengill biskups Íslands.

Eining er 1% af launaflokk 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör vígslubiskupa gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015 að öðru leyti en því sem hér segir:

Ríkissjóður greiðir 1,5% af mánaðarlaunum í Vísindasjóð Prestafélags Íslands.

Ríkissjóður greiðir 0,22% af launum í Starfsmenntunarsjóð Bandalags háskólamanna (BHM) og 0,7% í Starfsþróunarsetur BHM.

Ríkissjóður greiðir 0,25% af launum í orlofssjóð BHM.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber